



Akraneskaupstaður

Bæjarstjórn - 1301

FUNDARBOÐ

**1301. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18,
22. október 2019 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 1902203 - Skýrsla bæjarstjóra 2019

Sævar Freyr Práinsson bæjarstjóri fer yfir helstu atriði í störfum sínum frá 25. september 2019.

2. 1906055 - Kosning í ráð og nefndir 2019

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar hefur óskað eftir áframhaldandi tímabundnu leyfi frá störfum sem bæjarfulltrúi eða til 1. september árið 2020, af persónulegum ástæðum.

3. 1909276 - Fjárhagsáætlun - viðauki

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 14 við fjárhagsáætlun ársins 2019 á fundi sínum þann 10. október síðastliðinn og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar. Viðaukinn felur í sér tilfærslur á milli verkefna en er án breytinga á heildarfjárhæð fjárfestinga í áætluninni.

4. 1905206 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf

Bæjarráð samþykkti reglur um styrki vegna hleðslustöðva á fundi sínum þann 10. október síðastliðinn og vísar reglunum til endanlegrar samþykktar í bæjarstjórn Akraness.

5. 1906102 - Deiliskipulag Skógarhverfi 1. áfangi - Asparskógar 18

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti að nýtingarhlutfall (A- og B- rýma) á lóðinni verði 1,33 í stað 1,20 skv. deiliskipulagi. Aukið nýtingarhlutfall skýrist af stækkun kjallara og gerð svalaganga (B-rýma umfram það sem gert var ráð fyrir í deiliskipulagi). Byggingin er innan byggingarreits og ákvæða um hámarkshæð. Fjöldi íbúða og bílastæða er í samræmi við deiliskipulag. Breytingin varðar ekki hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og umsækjanda og telst því óverulegt frávik frá deiliskipulagi skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og grein 5.8.4. í skipulagsreglugerð.

6. 1907083 - Landakaup - Vogar / Kalmansvík 2, Skútasþilda, Bakkabær og Elínarhöfði

Landeigandi hefur óskað eftir leiðréttingu á lóðarstærð og telur að mistök hafi verið gerð árið 2007 við afmörkun lóðar við hliðina (Vogar/Kalmansvík nr. 1) með þeim afleiðingum að lóðin hafi þá verið skráð minni en hún á að vera.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að spildan Vogar/Kalmansvík 2 verði skráð skv. lóðarblaði dags. 19. júlí 2018. Málinu er vísað til endanlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar Akraness.

7. 1909209 - OR - uppskipting ON

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 10. október síðastliðinn að veita heimild fyrir stofnun nýs dótturfyrirtækis sem taki við hluta af starfsemi Orku náttúrunnar (ON). Breytingin er fyrst og fremst bókhaldsleg og hefur engin áhrif á viðskiptavinum ON eða starfsfólki fyrirtækisins. Við uppskiptingu OR með lagaboði í ársbyrjun 2014 voru tekjur ON, sem sér um virkjanarekstur og raforkusölu á samkeppnismarkaði, að meirihluta í bandaríkjadöllum. Í samræmi við árshlutaög var bandaríkjadalur starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins og gildi sú ákvörðun í fimm ár eða til ársloka 2018. Vegna lágs álverðs hefur sú breyting orðið á tímabilinu, að minnihluti tekna ON er nú í erlendri mynt og því mikilvægt að greina á milli erlendra og innlendra tekna í mismunandi félögum sem hafa þá tekjur og útgjöld í sömu mynt. Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.

Fundargerðir til kynningar

8. 1901005 - Fundargerðir 2019 - bæjarráð

3385. fundargerð bæjarráðs frá 10. október 2019.

3386. fundargerð bæjarráðs frá 14. október 2019.

9. 1901007 - Fundargerðir 2019 - skóla- og frístundaráð

115. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 17. október 2019.

10. 1901006 - Fundargerðir 2019 - velferðar- og mannréttindaráð

112. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 16. október 2019.

11. 1901008 - Fundargerðir 2019 - skipulags- og umhverfisráð

128. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 7. október 2019.

12. 1901010 - Fundargerðir 2019 - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

101. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis frá 18. september 2019.

102. fundargerð stjórnar Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis frá 23. september 2019.

13. 1901018 - Fundargerðir 2019 - Samband íslenskra sveitarfélaga

874. fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. september.

14. 1901022 - Fundargerðir 2019 - Faxaflóahafnir

184. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 11. október 2019.

Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri.